

~ Terra Gallina ~



LESTRAR- SPRETTUR

Lindu landnámshænu



Hefur þú komið til Terra Gallina?

Linda landnámshæna fann fjársjóðskort í hillunni hjá afa sínum kapteini Langlegg, sem hvarf á undarlegan hátt ásamt páfa-gauknum sínum, **Hananú**. Búðu til þitt eigið vegabréf og farðu í svakalega svaðilför með Lindu landnámshænu. Kannski rekist þið á afa Langlegg og Hananú!

Þetta verður ævintýri líkast! Þú getur heimsótt borgina Santiéggó, siglt yfir Fjaðrafjörð, skoðað pýramídana í Eggyptalandi og endað í sólinni á Hanama.

Það eina sem þú þarft að gera er að lesa í **15 mínútur** á dag þar til þú lendir á **Stjörnu**.

Þá getur þú farið á bókasafnið þitt og fengið **stimpil** í vegabréfið.

Takmarkið er svo auðvitað að heimsækja alla áhugaverðu staðina í Hænulandi (það er sko það sem Terra Gallina býðir) og fá stimpil á allar stjörnurnar.

Fyrir hvern stimpil færðu **happamiða** og gætir unnið verðlaun.

Hver veit nema heppnin verði með þér!

Kíktu við á bókasafninu, fáðu vegabréf,
byrjaðu að lesa og leggðu af stað
í geggjað ferðalag!



Miðstöð menntunar
og skólabjónustu



Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO
City of Literature



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Bókasafn
Kópavogs



sumarlestur.is